

Sjálfsmatsskýrsla

Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

2024-2025



Efnisyfirlit

1.0 Inngangur.....	2
2.0 Forsendur innra mats.....	2
2.1. Lagalegur grunnur.....	2
2.2 Markmið.....	2
2.3 Framkvæmd	2
2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.....	2
3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun	3
3.1 Virkni nemenda í skólanum	3
3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda	5
3.2 Líðan og heilsa.....	5
3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda	7
3.3 Skóla- og bekkjarandi	7
3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda	8
3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda	9
3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda	9
3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2024-2025	9
4.0 Íslenska æskulýðskönnunin.....	10
4.1 Lykiltölur 4.-5. bekkjar.....	11
4.2 Lykiltölur 6.-10. bekkjar	12
4.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni.....	12
5.0 Moodup starfsmannakönnun 2024-2025	13
5.1 Samantekt á helstu styrkleikum.....	13
5.2 Samantekt á helstu veikleikum	13
5.3 Samantekt	14
5.4 Aðgerðaráætlun	14
6.0 Samantekt	15

1.0 Inngangur

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) skiptist í tvær starfsdeildir, 7. - 10. bekkur eru staðsettir á Eyrarbakka en 1. - 6. bekkur eru staðsettir á Stokkseyri. BES er einsetinn heildstæður skóli með u.þ.b. 144 nemendur í upphafi skólaárs 2024 og er það fjölgun frá fyrra ári. Nemendur koma úr þéttbýliskjörnunum Eyrarbakka og Stokkseyri ásamt nálægu þéttbýli og dreifbýli. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum úr nemendakönnun Skólapúl síns 2024-2025, ásamt helstu niðurstöðum úr könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem framkvæmd var á vormánuðum 2025 og samantekt úr moodupkönnunum meðal starfsmanna sveitarfélagsins Árborgar sem framkvæmd var nokkrum sinnum yfir árið 2024-2025.

2.0 Forsendur innra mats

2.1. Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 98/2008 er í kafla VII, 36. gr. kveðið á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þetta er gert með innra mati á hverju ári.

2.2 Markmið

Markmið með mati á skólastarfi samkvæmt 35. gr. laga um grunnskóla er að:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árgangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

2.3 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum könnunum. Nemendakannanir á vegum Skólapúl síns eru framkvæmdar árlega en foreldra- og starfsmannakannanir hafa verið framkvæmdar annað hvert ár. Frá og með skólaárinu 2024-2025 tóku Moodup starfsmannakannanir alfarið við af starfsmannakönnunum Skólapúl síns og eru framkvæmdar nokkrum sinnum yfir árið. Íslenska æskulýðsrannsóknin var lögð fyrir nemendur á vorönn 2025.

2.4. Áætlun um innra mat Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áætlun um innra mat og umbætur er gerð til þriggja ára í senn. Hér má sjá áætlun um gagnaöflun innra mats til 2027.

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Unnið með niðurstöður sjálfsmats fyrri ára	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk	x	x	x
Skólapúlsinn lagður fyrir foreldra		x	
Kennslukannanir í 7. - 10. bekk	x	x	x
Íslenska æskulýðsrannsóknin	x	x	x
Moodup starfsmannakönnun	x	x	x

3.0 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Nemendur í 6. - 10. bekk svöruðu spurningalista Skólapúlsins í október 2024. Heildarsvarhlutfall var 84,6% . Hér í næstu köflum verður farið yfir helstu niðurstöður, breytingar frá fyrri árum. Lögð verður áhersla á að skoða þá þætti þar sem niðurstöður BES skera sig frá niðurstöðum heildarinnar. „Munur uppá 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. “

Viðhorf nemenda má sjá betur í myndunum í undirköflum 3. kafla, sem svör við spurningum sem mynda matsþátt. Sérstök áhersla er lögð á þau svör sem bera með sér tölfræðilega marktækan mun á dreifingu skv. kí-kvaðrat-prófi. Hver liður hefur ákveðna matsþætti og hver matsþáttur er metinn eftir svörum nemenda við fjölmörgum spurningum.

3.1 Virkni nemenda í skólanum


Matsþættir þessa liðs eru ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Nemendur BES eru fyrir neðan meðaltal í öllum matsþáttum en jákvæð breyting varð á milli ára í öllum þáttunum nema einum sem stóð í stað.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,9	65	-0,1	4,3	7.477	-0,4
1.2. Þrautseigja í námi	3,9	65	0,0	4,6	7.534	-0,7*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	64	0,0	4,6	7.619	-0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,0	65	0,1	4,3	7.587	-0,3
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,8	65	0,0	4,5	7.524	-0,7*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,1	64	-0,4	4,8	7.602	-0,7*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	91,9%	57/62	-1,4%	79,1%	5632/7398	12,8%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,9 klst.	56	-0,1 klst.	0,5 klst.	5.615	0,4 klst.


Ekki hafa orðið miklar breytingar milli ára hjá nemendum. Er virkni nemenda enn marktækt lægri í BES en í sambærilegum skólum á landsvísi í þremur undirþáttum þessa liðar.

1.2. Þrautseigja í námi – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.6. Trú á eigin námsgetu – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

3.1.1 Úrbótaáætlun í tengslum við virkni nemenda

Unnið verður markvisst að því að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, þrautseigju og sem trú á eigin getu.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka ánægju af lestri	Finna lestrarefni eftir áhugasviði hvers nemanda. Endurskoða lestrarstefnu skólans.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Vinna markvisst með heimalestur og yndislestur í skólanum.	Settir verða inn yndislestrartímar. Nemendur hvattir til þess að lesa heima.	Umsjónarkennarar, teymi, skólastjórnendur og heimilin.	2025	Aldrei	Skólapúls
Að auka þrautseigju í námi	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu.	Umsjónarkennarar, stoðþjónusta, Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin vinnubrögð í námi	Námsráðgjöf fyrir nemendur	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla trú á eigin námsgetu	Námslegur stuðningur m.a. með teymiskennslu og sérsniðinni eflingu	Náms- og starfsráðgjafi, teymin, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls

3.2 Líðan og heilsa

Matsþættir þessa liðs eru sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni og staðir eineltis, tíðni hreyfingar og hollt mataræði.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	64	0,3	4,3	7.500	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,8	64	0,0	4,3	7.479	-0,5*
2.3. Velliðan	4,2	64	0,3	4,4	7.546	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	16	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,0	62	-0,6	5,7	7.519	0,3
2.6. Tíðni eineltis	22,2%	14/63	-14,5%	16,2%	1288/7495	6,0%
2.7. Staðir eineltis	-	12	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	88,9%	56/63	19,4%	89,4%	6747/7495	-0,5%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	41,0%	25/61	8,4%	42,0%	3024/7118	-1,0%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	2	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	42	-	-	-	-

Jákvæð breyting hefur orðið á öllum matsþáttum þessa liðs nema stjórn á eigin lífi það stendur í stað. Ánægjulegt er að sjá hvað tíðni eineltis hefur lækkað mikið milli ára.

3.2.1 Úrbótaáætlun í tengslum við líðan og heilsu nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Innleiða uppeldisstefnuna Jákvæður agi	Vinna markvisst að uppbyggingu nýrrar uppeldisstefnu og vinna út frá henni til að bæta líðan.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2025	2030	Skólapúls Skimanir.
Að efla sjálfsálit/sjálfsstraust nemenda.	Nýta stefnu skólans og nota eflandi kennsluhætti.	Allir starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að draga úr kvíða og streitu nemenda.	Með öflugri nemendapjónustu og samstarfi við heimilin.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir
Að draga úr einelti.	Með fræðslu og með því að taka á eineltismálum sem upp koma.	Náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls

3.3 Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir þessa liðs eru samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,2	64	0,0	4,8	7.422	-0,6*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,5	64	-0,4	4,8	7.493	-0,3
3.3. Agi í tímum	4,4	63	-0,2	4,9	7.479	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	63	-0,4	4,9	7.434	-0,2
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,7	63	-0,8	4,8	7.452	-0,1

Það er marktækt lakari niðurstaða á milli nemenda BES og annarra nemenda í sambærilegum skólum á landsvísi hvað þessi þætti varðar. BES hefur farið aðeins niður á milli ára hvað varðar aga í tímum og samsömun við nemendahópinn.

3.3.1 Úrbótaáætlun í tengslum við skóla- og bekkjaranda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að auka samsömun í bekkjum.	Nýta teymis- og bekkjarkennslu til að búa til fjölbreyttari hópa. Fræðsla um fjölbreytileika	Allir kennarar, starfsmenn, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls Skimanir.
Að efla samband nemenda og kennara.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Efla traust og virðingu með fræðslu.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að efla jákvæðan aga í tímum.	Nýta einkunnarorð skólans. Gera bekkjarsáttmála. Fræðsla um jákvæða eflingu. Ný skólastefna sem byggir á hugmyndafræði um jákvæðan aga.	Umsjónarkennarar, teymi, náms- og starfsráðgjafi, skólastjórnendur og heimilin.	2025	Aldrei	Skólapúls
Að efla leiðsagnarmat og teymiskennslu	Fræðsla um leiðsagnarmat fyrir kennara og nemendur. Setja inn vörður yfir skólaárið þar sem nemendur fá formlegt leiðsagnarmat og efla kennara í teymiskennslu.	Stjórnendur og allir kennarar.	2023	Aldrei	Skólapúls
Styrkja skólasýn. Vinna markvisst að nýrri uppeldisstefnu skólans.	Vinna með skólasýn BES og skýra stefnu skólans. Vinna með hugmyndafræði um jákvæðan aga.	Stjórnendur, kennarar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, nærsamfélag.	2025	Aldrei	Skólapúls, skýrsla um vinnslu skólasýnar/stefnu.

3.4 Samantekt úr opnum svörum nemenda

Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim finnst sérstaklega gott við skólann voru mjög margir sem nefndu vini, góða kennara, íþróttir og frímínúturnar eins og fyrri ár. Þegar nemendur voru beðnir að lýsa því sem þeim þætti slæmt eða betur mætti fara í skólanum virðast nemendur í 6. - 7. bekk vera nokkuð ánægðir en nemendur í 8. - 10. bekk nefna nokkrir aðstöðuna á Eyrarbakka.

3.4.1 Umbótaáætlun í tengslum við það sem betur má fara að mati nemenda

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat
Að virkja betur nemendaráðið.	Að fulltrúar nemendaráðs kalli eftir umræðuefni á fundi nemendaráðs frá samnemendum.	Stjórnendur, umsjónarmaður nemendaráðs, nemendaráð.	2021	Aldrei	Skólapúls
Að halda formleg nemendabýing reglulega um skólamál með nemendum. (Þjóðfundastíll)	Skipuleggja nemendabýing 1-2 á ári.	Skólastjórnendur	2021	Aldrei	Skólapúls

3.5 Samantekt úr nemendakönnun skólaárið 2024-2025

Þegar niðurstöður þessarar nemendakönnunar eru dregnar saman má sjá að BES hefur bætt sig í flestum matsþáttum þó enn megi gera ákveðnar endurbætur. Enn er unnið að bættu húsnæði á Eyrarbakka. Að öðru leyti er vísað í umbótakafla hvers liðar.

4.0 Íslenska æskulýðskönnunin

Á skólaárinu 2024-2025 var [íslenska æskulýðskönnunin](#) lögð fyrir í þriðja skipti. Undir ÍÆ falla tvær alþjóðlegar rannsóknir. Þátttakendur voru 92 nemendur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri sem svöruðu könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Skiptingu þeirra eftir kyni og bekk má sjá í töflunum hér fyrir neðan.

Skipting svarenda eftir kyni


Kyn	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Suðurland	Önnur landsvæði	Samtals
Strákar	50	1246	11002	12298
Stelpur	40	1098	10757	11895
Stálp, annað eða vilja ekki svara	2	53	689	744

Skipting svarenda eftir bekk


Bekkur	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Suðurland	Önnur landsvæði	Samtals
4. bekk	10	352	2999	3361
5. bekk	12	355	3194	3561
6. bekk	13	334	3085	3432
7. bekk	19	344	3284	3647
8. bekk	12	355	3166	3533
9. bekk	14	321	3351	3686
10. bekk	12	336	3369	3717

Markmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um viðhorf barna og ungs fólks til ýmissa þátta sem snúa að farsæld þeirra: (1) menntun, (2) lífsgæðum og félagslegri stöðu, (3) heilsu og vellíðan, (4) öryggi og vernd og (5) þátttöku í íþrótt-, tómstunda- og samfélagsstarfi og félagslegum tengslum.

4.1 Lykiltölur 4.-5. bekkjar



4.2 Lykiltölur 6.-10. bekkjar



4.3 Samantekt úr íslensku æskulýðskönnuninni

Nemendum í 4. og 5. bekk líður almennt vel í skólanum en finnst ekki sérstaklega gaman. Nemendur eru stundum þreyttir og upplifa oft hávaða í tímum. Nemendur í 6.-10. bekk telja að það sé mikilvægt að leggja sig fram í námi. Þeir mættu hafa meira traust til kennara og eru oft þreyttir.

Nánari niðurstöður má finna [hér](#).

5.0 Moodup starfsmannakönnun 2024-2025

Starfsmannakönnun er gerð nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem kannað er m.a heilsa og vellíðan, aðbúnaður, samskipti milli starfsmanna og við yfirmenn. Stjórnendur taka saman niðurstöður eftir hverja könnun og fara í umbætur þar sem við á í samstarfi við starfsfólk.

5.1 Samantekt á helstu styrkleikum



5.2 Samantekt á helstu veikleikum



5.3 Samantekt

Samband við næsta yfirmann kemur vel út, eins tala starfsmenn um að þeir eigi gott með að leita til næsta yfirmanns og stjórnendur beri umhyggju fyrir starfsfólki. Starfsfólk er ánægt með stuðning við þá fræðslu sem þeir geta sótt. Samsvörun er ekki að koma nógu vel út. Starfsfólki finnst stjórnendur hins vegar ekki sýna næga sanngirni og mættu hafa skýrari verkferla. Aðbúnaður kemur illa út úr öllum könnunum og eru stjórnendur meðvitaðir um það og er verið að vinna í þeim málum.

5.4 Aðgerðaráætlun

Unnið hefur verið að umbótum í vetur og verður því haldið áfram. Sendur hefur verið spurningarlisti til allra stafsmanna þar sem starfsmenn eru beðnir um að greina betur hvað það er sem er ábótavant og hvar hægt er að bregðast sem fyrst við varðandi aðbúnað, mun sú vinna halda áfram. Þegar kemur að samskiptum eru tækifæri til þess að skerpa á upplýsingaflæði til starfsmanna og efla starfsmannahópinn sem eina heild. Jafnframt þarf að efla sálfræðilegt öryggi þannig að starfsfólk upplifi að það treysti sér til þess að gefa álit og deila skoðunum sínum. Stjórnendur þurfa að gæta betur að sanngirni. Könnunin kemur vel út varðandi ánægju starfsmanna og samband við jafningja sem er gott og þarf að halda áfram að byggja undir ánægju starfsmanna til framtíðar. Það er mikill ávinningur í því að leggja áherslu á það að halda starfsfólki ánægðu í starfi.

Að hluta kemur samband við yfirmann vel út, stjórnandi ber umhyggju fyrir starfsfólki, hlustar og metur starfsfólk að verðleikum. Starfsfólk treystir sér til að láta í ljós skoðanir sínar.

6.0 Samantekt

Markmið sjálfsmats skóla er að huga að endurbótum í skólastarfi. Huga þarf að ýmsum þáttum eins og fram kemur í skýrslu þessari og áætlanir varðandi umbætur eru í undirköflum. Skólaárið var um margt flókið rétt eins og skólaárið þar á undan og eru ýmsar ástæður þar að baki eins og mikil langtíma veikindi og húsnæðismál á Eyrarbakka eru ekki góð. Bæta á við tveimur kennslustofum á Eyrarbakka, en ekki er vitað hvenær þær verða komnar í notkun þannig að starfið á unglingastigi byrjar aftur við þröngan húsakost. Næsta skólaár mun hefjast innleiðing á uppeldisstefnunni Jákvæður agi og munum við leggja mikinn metnað í þá vinnu. Áskoranir sem þessar styrkja skólastarfið til lengri tíma og í þeim felst mikill lærdómur. Áætlanir fyrir næsta skólaár gera ráð fyrir mikilli skólaþróun og breyttu vinnulagi þar sem áhersla verður lögð á teymiskennslu, bekkjarkennslu, samkennslu milli árganga og áframhaldandi leiðsagnarmat. Á sama tíma eru skýr tækifæri til umbóta og munum við vinna að því að gera betur, bæði í samskiptum, skýrleika og stuðningi við starfsmenn, nemendur og foreldrasamfélagið. Skólastjórnendur sjá mikil tækifæri í skólastarfi næsta skólaárs.